Íslensk málnefnd

Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2025

25. september 2025

Regluverk íslensku

Staða og horfur

Inngangur: lagaleg staða íslensku

Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi eins og segir í 1. grein laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011. Um íslenskt táknmál segir í 3. grein laganna að það sé fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra. Önnur tungumál hafa ekki opinbera stöðu hér á landi. Fjallað er um málefni íslenskrar tungu víðar í lögum. Til að mynda er ákvæði um málstefnu í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og í lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 eru ákvæði um auglýsingar á íslensku. Ýmsar stofnanir og nefndir eru einnig hluti af regluverki íslensku eins og til að mynda Árnastofnun, Íslensk málnefnd og örnefnanefnd.

Íslenska í stjórnarskrá

Þjóðtunga er ekki tilgreind í stjórnarskrá Íslands. Þjóðtungur eru aftur á móti nefndar í stjórnarskrám ýmissa ríkja. Í frumvarpi til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls (þskj. 870 – 533. mál) sem lagt var fram 2010–2011 var rætt um hvort ástæða væri til að mæla fyrir um stöðu tungunnar sem opinbers máls ríkisins í stjórnarskrá. Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir: „Ákvæði sem lúta að tungumálum er að finna í stjórnarskrám 158 ríkja en einungis í 26 stjórnarskrám er tungumála að engu getið. Í mörgum stjórnarskrám Evrópuríkja er berum orðum mælt fyrir um hvaða tungumál sé opinbert mál ríkisins.“ Nefndin taldi rétt að huga að þessu við endurskoðun stjórnarskrárinnar en það hefur ekki verið gert.

Gildissvið, ábendingar og viðurlög

Í 8. grein laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls stendur: „Íslenska er mál Alþingis, dómstóla, stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, skóla á öllum skólastigum og annarra stofnana

sem hafa með höndum framkvæmdir og veita almannaþjónustu.“ Ekki verður því ráðið af lögunum að þau nái til annarra en opinberra aðila. Í sumum löndum er gildissvið laga um þjóðtungur víðtækara. Í lögum um franska tungu er til að mynda sagt að þau nái bæði til hins opinbera, viðskipta, atvinnulífs og menntunar og í Litáen þurfa frá 2026 upplýsingar um vörur og þjónustu að vera á litáísku.

Lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 hafa víðtækara gildissvið. Í 3. mgr. 6. gr. laganna stendur að auglýsingar sem höfða eigi til íslenskra neytenda skuli vera á íslensku. Neytendastofa sem fer með eftirlit með lögunum framfylgdi lítt þessu ákvæði fyrr en undirrituð var viljayfirlýsing ráðuneytis og stofnunarinnar 20. nóvember 2023 um að ráðast í átaksverkefni sem miðaði að því að auka vitund fyrirtækja og almennings um íslenskuákvæði laganna. Óskað var eftir ábendingum almennings um brot á lögunum. Frétt var birt á vef Neytendastofu 18. desember 2024 um árangur af þessu átaki þar sem nefnt var að upplýsingar á íslensku hefðu verið kannaðar á 83 veitingastöðum. Af 36 stöðum þar sem matseðill var ekki sýnilegur eða aðeins sýnilegur á ensku höfðu 18 gert breytingar og birt matseðil á íslensku eftir að Neytendastofa fylgdi málinu eftir. Ástæða er til að fagna átaki Neytendastofu.

Eins og Lilja Dögg Alfreðsdóttir, þáverandi menningar- og viðskiptaráðherra, sagði í frétt Stjórnarráðsins 20. nóvember 2023 um viljayfirlýsinguna þá „þarf að vera ljóst að ákvæði um að auglýsingaefni sem ætlað er íslenskum neytendum skuli vera á íslensku sé ekki í lögunum upp á punt heldur er því ætlað að vera virkt í framkvæmd. Ákvæðið er ekki alveg nógu skýrt að mínu mati í dag. Þar er til dæmis óljóst hvað við er átt með því að auglýsing höfði til íslenskra neytenda. Einnig eru mjög rýrar leiðbeiningar í lögskýringargögnum og tækifæri til úrbóta að þessu leyti.“

Í 6. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls er fjallað um hlutverk Íslenskrar málnefndar og sagt að hún geti meðal annars „átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi“. Í krafti þessa ákvæðis hefur Málnefndin frá árinu 2011 sent allmörg bréf til stofnana og fyrirtækja og bent á það þegar íslenska stendur höllum fæti í ýmiss konar upplýsingaefni, skiltum o.s.frv. Yfirlit yfir þessi bréf og svör við þeim er á vefsíðu nefndarinnar, https://islenskan.is/abendingar/. Oft hefur slíkum erindum lítt eða ekki verið svarað. Ekki er kveðið á um það í lögunum hvað nefndin á til bragðs að taka ef fyrirtæki eða stofnanir bæta ekki ráð sitt. Engin sektarákvæði eru og birting ábendinga á vef nefndarinnar virðist hafa takmarkað forvarnargildi.

Upplýsingar í almannarými

Engin regla virðist vera á því á hvaða tungumálum opinberar upplýsingar eru birtar, meðal annars á skiltum eða í auglýsingum og upplýsingaefni. Sums staðar getur verið nauðsynlegt að hafa upplýsingar á ensku eða öðrum málum samhliða íslensku, til að mynda á alþjóðaflugvellinum í

Keflavík. Íslensk málnefnd hefur lagt áherslu á að þegar það er gert sé alltaf ljóst að íslenska sé mál landsins en önnur mál tilgreind til skýringar. Kostnaður fylgir þýðingum á önnur mál og skýrar ástæður og rök þarf ætíð fyrir notkun annarra mála en íslensku. Það grefur undan stöðu tungunnar ef enska er alltumlykjandi í mállandslaginu.

Ritreglur

Samkvæmt lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011 á Íslensk málnefnd að semja ritreglur fyrir íslensku. Núverandi reglur eru frá 2016 (stafsetning) og 2018 (greinarmerkjasetning). Um gildissvið ritreglnanna segir í auglýsingum mennta- og menningarmálaráðherra 2016 og 2018 að það beri að fara eftir þeim í skólum og hjá hinu opinbera, þ.e. stofnunum ríkisins, ráðuneytum o.s.frv. Óljóst er hvort reglunum er fylgt hjá hinu opinbera og í skólum og ekkert eftirlit er með því hjá ráðuneyti.

Aðgerðir

Kanna þyrfti hvort aðstæður í samfélaginu kalli meir á það en áður að íslensk tunga verði vernduð í stjórnarskrá.

Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls þarfnast endurskoðunar enda hefur staða íslensku breyst frá því að þau tóku gildi árið 2011 vegna örra samfélagsbreytinga og tækniþróunar.

Víkka þarf gildissvið laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011 þannig að hugtakið *þjóðtunga* sé skýrt betur og kveðið frekar á um notkun hennar á ýmsum sviðum. Sum ákvæði um notkun íslenskrar tungu ættu ekki eingöngu að ná til hins opinbera heldur samfélagsins alls.

Brýnt er að setja fram viðmiðunarreglur um birtingu upplýsinga í almannarými sem hið opinbera og sveitarfélög skulu styðjast við að minnsta kosti en æskilegast væri að aðrir hefðu einnig til hliðsjónar. Reglurnar ættu að ná yfir auglýsingar, skilti, upplýsingarefni, vefi, tölvupóst o.s.frv. Í slíkum reglum yrði kveðið á um hvenær þörf væri á að birta upplýsingar á öðru máli en íslensku, um röð tungumála í upplýsingaefni, sýnileika, til að mynda að upplýsingar á íslensku séu með stærra letri en á öðrum málum og svo framvegis. Íslensk málnefnd gæti samið viðmiðunarreglurnar með aðkomu hagsmunaaðila. Æskilegt væri að menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra auglýsti reglurnar þannig að þær fengju opinbert vægi sem stjórnvaldsfyrirmæli.

Gera þarf skýrari 3. mgr. 6. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 um að auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda skuli vera á íslensku. Eins og fyrrverandi menningarráðherra vakti athygli á og nefnt var hér að framan þarf að skýra ákvæðið þannig að það verði virkt í framkvæmd. Æskilegt er að í tengslum við þetta verði tekið upp

formlegt samstarf Íslenskrar málnefndar og Neytendastofu um eftirlit með því að tryggja stöðu íslensku í almannarými. Æskilegt væri að settur yrði upp sameiginlegur vefur nefndarinnar og Neytendastofu sem gæti heitið *Á íslensku*. Þar gæti almenningur komið á framfæri ábendingum um það sem betur mætti fara í notkun íslensku í almannarými. Viðmiðunarreglur um notkun erlendra tungumála á Íslandi ættu einnig heima á slíkum vef og annað tengt efni. Ráða þyrfti verkefnisstjóra til að halda utan um verkefnið.

Íslensk málnefnd leggur til að íslenskusviði Árnastofnunar, þar sem sérfræðiþekking er fyrir hendi, verði falin umsjón og endurnýjun opinberra ritreglna (https://ritreglur.arnastofnun.is/). Íslensk málnefnd yrði til ráðgjafar.

Á næstu árum eru þessi verkefni brýnust að mati Íslenskrar málnefndar þegar kemur að því að skýra og einfalda regluverk málsins þannig að það verði skilvirkara en áður:

1. Könnuð verði þörf á að vernda íslenska tungu í stjórnarskrá.

2. Endurskoða þarf lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls (nr. 61/2011) með það í huga að víkka gildissvið laganna.

3. Samdar verði viðmiðunarreglur um notkun erlendra tungumála á Íslandi. Æskilegt væri að Íslensk málnefnd hefði frumkvæði að samningu þeirra, með hliðsjón af endurskoðuðum lögum, og að ráðherra auglýsti þær.

4. Skýra þarf og gera afdráttarlausari 3. mgr. 6. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 um að auglýsingar sem höfða eigi til íslenskra neytenda skuli vera á íslensku.

5. Hefja þarf skipulegt samstarf Íslenskrar málnefndar og Neytendastofu um eftirlit með notkun íslensku í almannarými. Málnefndin gæti þjónað ráðgefandi hlutverki í slíku samstarfi, sbr. ákvæði 6. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Komið verði upp sameiginlegum vef fyrir verkefnið (*Á íslensku*) og ráðinn verkefnastjóri.

6. Umsjón og endurskoðun opinberra ritreglna verði falin íslenskusviði Árnastofnunar. Íslensk málnefnd verði til ráðgjafar.

Íslensk málnefnd er skipuð af menntamálaráðherra samkvæmt lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Í lögunum er kveðið á um að stjórnvöld skuli tryggja að unnt sé að nota íslensku á öllum sviðum íslensks þjóðlífs og enn fremur að ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skuli þau sjá til þess að hún sé notuð. Eitt af hlutverkum íslenskrar málnefndar er að ályktа árlega um stöðu tungunnar.